

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 5. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þriðjudaginn 16. september 2014 kl. 13

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fjárlagafrumvarp 2015; framlög til sóknaráætlana landshluta.
3. Sóknaráætlanir 2015-2019.
4. Fundir með landshlutasamtökum.
5. Fyrirkomulag byggðastefnu ESB; stofnanafyrirkomulag og áætlanagerð.
6. Önnur mál.

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Karl Björnsson (Sambandinu), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karítas Gunnarsdóttir (MMR), Pétur Berg Matthíasson (FJR, kom kl. 13.45), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (UAR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Auk þeirra sátu fundinn Árne Ragnarsson (Byggðastofnun), Berglind Kristinsdóttir (talsmaður landshlutasamtaka sveitarfélaga) og Krístrún Inga Valdimarsdóttir (starfsnemi í IRR).

Fjarverandi: Elvar Knútur Valsson (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send stýrihópnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Fjárlagafrumvarp 2015; framlög til sóknaráætlana landshluta

Fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 var lagt fram á Alþingi þann 9. september sl. Á fjárlagalið 09-992 er gert ráð fyrir 15 m.kr. framlagi til sóknaráætlana landshluta.

Torfi greindi frá því að ráðherra byggðamála hefði í umræðum á Alþingi, þann 12. september sl. sagt eftirfarandi: *"Það er ljóst að sóknaráætlanir landshluta þarf að styrkja mun frekar ef vel á að vera en sá liður fellur undir fjármálaráðherra. Þar virðast hafa átt sér stað mistök sem ég vænti að þingið muni leysa úr og leiðrétta en þar vantar um 85 milljónir til þess að þær séu með sama hætti og voru í fyrra og var fyrirhugað að yrði á þessu ári."* (Sigurður Ingi Jóhannsson: 144. löggjafarþing — 4. fundur, 12.9.2014.).

Með hliðsjón af þessum orðum ráðherra telur stýrihópurinn eðlilegt að haldið verði áfram að gera ráð fyrir óbreyttum framlögum frá síðasta ári.

3. Sóknaráætlanir 2015-2019

Torfi lagði fram fyrstu drög að ramma fyrir sóknaráætlanir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019 þar sem sóknaráætlanir, vaxtarsamningar og menningarsamningar verða samþættir.

Drög að ramma sóknaráætlana eru eftirfarandi:

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Sóknaráætlanir 2015-2019

Leiðarljós

Sókn og verðmætasköpun

Mannauður

Samstarf og skilvirkni

Afrakstur og eftirfylgni

Markmið

[Sett af hverjum landshluta í gegnum sóknaráætlun]

Efnisatriði

Sóknaráætlun landshlutans skal taka mið af:

1. Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í héraði.
2. Greiningu á stöðu svæðisins.
3. Svæðisskipulagi svæðis (ef það liggur fyrir).
4. Byggðaáætlun.
5. Jafnréttisáætlun.
6. Hvítbók um umbætur í menntun.

Áætlunin skal að lágmarki marka stefnu landshlutans í eftirfarandi málaflokkum:

1. Menningarmálum.
2. Nýsköpun og atvinnuþróun.
3. Uppbyggingu mannaúts.
4. Lýðfræðilegri þróun svæðisins.
5. Markaðs- og ferðamálum.

Heimilt er að fjalla einnig um aðra málaflokka ss. samgöngu- og fjarskiptamál, orkumál, velferðarmál osfr.

Sóknaráætlun skal liggja fyrir við upphaf áætlunartímabils. Heimilt er að uppfæra afmarkaða hluta hennar á miðju áætlunartímabili [hér þarf að setja reglur um uppfærslu].

Fjármagn sóknaráætlunar

- ❖ Fjármagni sóknaráætlunar skal varið í samræmi við áherslur áætluninnar.
- ❖ Að minnsta kosti tveimur þriðju heildarfjármuna skal veitt í svæðisbundinn samkeppnissjóð; þróunarsjóð landshlutans. Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um styrki til verkefna skv. nánari reglum þar um [reglurnar munu taka mið af núverandi reglum vaxtar- og menningarsamninga].
 - Stjórn landshlutasamtaka skipar úthlutunarnefnd, með fulltrúum sem spanna mikilvægustu svið atvinnulífs, samfélags og menningar í hverjum landshluta. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórna mega ekki vera fleiri en sem nemur 40% stjórnarmanna.
 - Heimilt er að starfrækja fagráð í einstökum málaflokkum.
 - Æskilegt er að tryggja tengingar milli úthlutunarnefndar og fagráða annars vegar og framkvæmdaráðs sóknaráætlunar hins vegar.
 - Landshlutasamtök og tengdir aðilar geta verið aðilar að umsóknum en ekki hlotið styrki [skilgreina nánar hvað telst tengdir aðilar].
 - Mótframlög umsækjenda skulu vera að lágmarki 50%

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

- ❖ Því fjármagni sem ekki er úthlutað í gegnum þróunarsjóðinn skal veitt í samningsbundin verkefni sem hafa beina skýrskotun til sóknaráætlunar landshlutans [með svipuðum hætti og núverandi sóknaráætlanir].
 - Stefnt skal að því að um sé að ræða fá og frekar stór verkefni.
 - Verkefnin þurfa að hljóta staðfestingu stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og áhersla verður lögð á að þau gangi ekki gegn stefnu viðkomandi fagráðuneyta.
 - Skylt er að ráðstafa öllu fé hvers árs fyrir 1. mars viðkomandi árs og heimilt er að ráðstafa fé til fleiri ára.
- ❖ Greiðslur til landshlutana fara eftir framvindu verkefna.
- ❖ Á sex mánaða fresti kalla landshlutasamtök eftir útgreiðslu á grundvelli gagna um ráðstöfun fjármuna. Mikilvægt er að í upphafi hvers árs liggi fyrir greiðsluáætlun.
- ❖ Sex mánuðum eftir að samningstímabili lýkur skulu lokagreiðslur eiga sér stað.
- ❖ Tryggt skal að til menningarmála renni a.m.k. 30% [ekki endanleg tala – hugsanlega verður föst tala en ekki hlutfall] fjármuna yfir samningstímabilið – bæði þess sem er veitt um þróunarsjóðinn og utan hans.
- ❖ Heimilt er að nýta X milljónir í umsýslu skv. sérstökum reglum þar um.
- ❖ Framlög sveitarfélaganna verða í upphafi sambærileg við núverandi menningarsamninga.
- ❖ Ríkisvaldið lýsir vilja sínum til að hækka framlög til sóknaráætlana innan samningstímabilsins.

Talsverðar umræður urðu um drögin og voru fundarmenn almennt sáttir við þau, en eftir er að útfæra rammann nánar. Meðal annars var rætt um mikilvægi og hlutverk samráðsvettvanga í hverjum landshluta, tímalengd sóknaráætlana, hvort útiloka eigi að setja fjármagn í lögbundin verkefni og hvernig landshlutasamtökin eru í stakk búin til að takast á við aukin verkefni og aukna ábyrgð.

Hólmfríður sendir drögin til landshlutasamtaka sveitarfélaga og í kjölfarið verður boðað til símafundar með þeim til að svara spurningum og koma í veg fyrir mögulegan misskilning.

Ákveðið að óska eftir að Byggðastofnun vinni drög að úthlutunarreglum fyrir samkeppnissjóð sóknaráætlana. Ef kostur er væri gott að drögin liggi fyrir á næsta fundi stýrihópsins eftir tvær vikur.

4. Fundir með landshlutasamtökum

Ákveðið að stýrihópurinn muni funda sérstaklega með hverjum landshlutasamtökum til að fara yfir uppgjör og framkvæmd sóknaráætlanaverkefna ársins 2013. Þeir fundir verða boðaðir þegar Byggðastofnun hefur lokið sinni vinnu við yfirferð.

5. Fyrirkomulag byggðastefnu ESB; stofnanafyrirkomulag og áætlanagerð

Unnur hafði tekið saman og sent stýrihópnum samantekt um byggðastefnu ESB sem snertir áætlanagerð og skipulag hennar og fór hún yfir það helsta í þeirri samantekt. Marga snertifleti er að finna á skipulagi áætlanagerðar Evrópusambandslandanna og þeirrar vinnu sem framundan við sóknaráætlanir landshluta á Íslandi og ýmislegt sem við getum lært af þeirra ferli.

6. Önnur mál

a) Framlag til landshlutasamtaka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Stefanía upplýsti að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt ósk innanríkisráðuneytisins um að veita landshlutasamtökum sveitarfélaga samtals 25 milljónir árið 2015 vegna ferða og funda í tengslum við sóknaráætlanir.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

b) Landshutanefnd fyrir Norðurland vestra

Héðinn greindi frá að landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra hafi boðið öllum sveitarstjórnarfulltrúum á Norðurlandi vestra til alls þriggja funda þann 15. september. Hólmfríður sat þá fundi sem starfsmaður Byggðastofnunar. Tilgangur fundanna var að kynna hugmyndir nefndarmanna að mögulegum verkefnum og kalla eftir hugmyndum og tillögum frá sveitarstjórnarmönnum. Fram kom að tillögurnar verða kynntar forsætisráðherra 10. október nk. og að nefndin mun skila af sér fyrir 1. nóvember.

c) Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn þriðjudaginn 30. september kl. 13.00-15.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55.